



Ársskýrsla 2024

Umdæmisráðs barnaverndar fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum, Árborg og félagsþjónustu Rangárvalla-og Vestur-Skaftafellssýslu bs.

Reykjanesbær 8. júlí 2025



Inngangur

Með lögum nr. 107/2021 var bætt í barnaverndarlög nr. 80/2002 ákvæði um umdæmisráð barnaverndarþjónustu og samhliða var gerð sú grundvallarbreyting á uppbyggingu barnaverndar innan sveitarfélaga að barnaverndarnefndir eru lagðar niður. Umdæmisráð eru stjórnarsýslunefndir sem fara með úrskurðarvald í ákveðnum barnaverndarmálum á vettvangi sveitarfélaga. Umdæmisráðin eru skipuð til fimm ára, eru sjálfstæð í störfum sínum, standa utan við almenna stjórnarsýslu sveitarfélaga og ráðsmenn þeirra taka ekki við fyrirmælum um meðferð einstakra mála. Þessi breyting tók gildi 1.janúar 2023.

Sveitarfélög bera hvert um sig ábyrgð á vinnslu barnaverndarmála en ákvörðunarvaldið þegar kemur að íþyngjandi ákvörðunum í þeim málum hefur verið fært til umdæmisráða og er starfsemi þeirra aðskilin frá barnaverndarþjónustu sveitarfélaganna.

Barnaverndarþjónustan hefur það hlutverk að aðstoða börn og foreldra í alvarlegum vanda til að tryggja velferð barna og öryggi. Þeirra hlutverk er að veita stuðning og ráðgjöf með fjölbreyttum, faglegum lausnum með það að markmiði að tryggja hag barns.

Umdæmisráð barnaverndar hefur aðkomu að eftirfarandi ráðstöfunum barnaverndarþjónustu skv. 13.gr. barnaverndarlaga nr.80/2002 og tekur eftirfarandi ákvarðanir með úrskurði;

- Beitingu úrræða án samþykkis foreldra, sbr. 26.gr.
- Vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði, sbr. 27.gr.
- Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns í allt að tólf mánuði, sbr. 28.gr.
- Heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjárviptingu, sbr. 29.gr.
- Umgengni í fóstri og við vistun, sbr. 74.gr. og 81.gr.

Umdæmisráð eru skipuð þremur ráðsmönnum sem hafa ákveðna fagþekkingu, þ.e. félagsráðgjafa, sálfræðingi og lögfræðingi sem hafa í það minnsta þriggja ára starfsreynslu í barnavernd. Þau eru sjálfstæð í störfum sínum og standa utan við almenna stjórnarsýslu sveitarfélaganna.

Formaður umdæmisráðs er Halldór Rósmundur Guðjónsson lögfræðingur og aðalmenn aðrir eru Gyða Hjartardóttir félagsráðgjafi og Thelma Gunnarsdóttir sálfræðingur. Varamenn eru Einar Ingi Magnússon sálfræðingur og María Gunnarsdóttir félagsráðgjafi.

Efnisyfirlit


1. Umdæmisráð árið 2024.....	3
2. Helstu verkefni 2024.....	3
2.1 Árangur	4
2.2 Rekstur	5
3. Áhrif jarðhræringa í Grindavík	6
Lokaorð.....	6
.....	0

1. Umdæmisráð árið 2024

Umdæmisráð Suður sinnir málum á svæði sem nær yfir Reykjanes og hluta Suðurlands. Um er að ræða sveitarfélögin Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ, Voga og Grindavík, Árborg, Ásahrepp, Mýrdalshrepp, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra og Skaftárhrepp. Árið 2024 var annað starfsár umdæmisráðs. Hver barnaverndarþjónusta hefur sinn tengilið við umdæmisráð og getur vísað málum þangað til umfjöllunar. Fjöldi funda umdæmisráðs ræðst því af fjölda mála sem vísað er til ráðsins og eru fundardagar ákveðnir með hliðsjón af því.

2. Helstu verkefni 2024

Umdæmisráð hélt 12 fundi á árinu 2024 og var fjöldi úrskurða 18 í málum 23 barna. Þá voru mál þriggja barna til meðferðar oftar en einu sinni.



Samanburður á fjölda funda eftir mánuðum á milli ára


Fimm úrskurðir voru gerðir á grundvelli 74.gr. bvl. um umgengni í fóstri. Í einum úrskurðinum var hafnað beiðni um umgengni við börn og í öðrum var beiðni um umvistun utan heimilis stytta.

Sjö úrskurðir voru gerðir á grundvelli 27.gr. bvl. um vistun barns utan heimilis í allt að fjóra mánuði.


Tveir úrskurðir voru gerðir á grundvelli 28.gr. bvl. um heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um vistun barns utan heimilis í allt að tólf mánuði.

Einn úrskurður á grundvelli 29.gr. bvl. um heimild til barnaverndarþjónustu um að gera kröfu fyrir dómi um forsjárviptingu

Tveir úrskurðir á grundvelli 27. og 29. gr. bvl. og einn úrskurður á grundvelli 27. Og 28 gr.bvl.



Samanburður á fjölda úrskurða milli ára eftir mánuðum




Samanburður á fjölda úrskurða eftir lagagreinum

2.1 Árangur

Valnefnd aðildarféлага umdæmisráðs er sammála um að samstarfið milli barnaverndarþjónusta í umdæminu og umdæmisráðs hafi gengið vel. Samskipti formanns umdæmisráðs og tengiliða sveitarfélaga hafa gengið vel fyrir sig og mál sem berast umdæmisráði verið vel unnin. Fundir umdæmisráðs hafa ýmist verið haldnir í aðstöðu sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum eða í aðstöðu sveitarfélagsins Árborgar þegar það hefur verið talið hentugra.

Þrátt fyrir að skipulagðir séu fundir og teknir frá reglulegir fundartímar hefur þurft, eðli málsins samkvæmt, að bregðast við þegar ástæða er til, t.d. þegar um er að ræða

neyðarráðstöfun sbr. 31.gr. barnaverndarlaga, en innan 14 daga frá því að ákvörðun var tekin um neyðarráðstöfun þarf að taka ákvörðun eða kveða upp úrskurð, eftir atvikum með aðkomu Umdæmisráðs. Gengið hefur vel að bregðast við beiðnum barnaverndarþjónustu sveitarfélaganna í slíkum tilvikum og hafa úrskurðir í slíkum tilvikum jafnan legið fyrir samdægurs eða skömmu eftir fund Umdæmisráðs.



Yfirlit yfir fjölda mála eftir sveitarfélögum

2.2 Rekstur

Reykjanesbær sinnir umsýslu umdæmisráðs Suður fyrir hönd aðildarfélaganna og undir það heyrir greiðslur til ráðsmanna og annar sameiginlegur kostnaður sem fellur til og rúmast innan sameiginlegs rekstrar ráðsins.

Rekstrarkostnaður umdæmisráðs var kr: 13.718.273 á árinu 2024.

3. Áhrif jarðhræringa í Grindavík

Eins og fram hefur komið starfar umdæmisráð Suður fyrir Reykjanes og hluta Suðurlands. Vegna jarðhræringa á Suðurnesjum var Grindavíkurbær rýmdur þann 10.11.2023 og börn búsett í Grindavík því ekki lengur á heimilum sínum þar og mikil óvissa um framhaldið. Í ljósi þessa og í samstarfi við Grindavíkurbæ fór Barna-og fjölskyldustofa þess á leit við barnaverndarþjónustur á landinu að taka vel í þær beiðnir sem kynnu að berast þeim, hvort sem verið væri að óska eftir liðsinni í máli, beiðni um flutning máls eða beiðni um að halda vinnslu máls áfram hjá barnaverndarþjónustu Grindavíkur.

Þegar ljóst var að jarðhræringar héldu áfram á svæðinu og íbúar Grindavíkur þyrftu áfram að búa fjarri heimilum sínum í Grindavík sendi Barna – og fjölskyldustofa barnaverndarþjónustum sveitarfélaga bréf þann 27.03.24, þar sem staðan var metin þannig að vafi gæti leikið á um lögsögu barnaverndarmála þeirra barna sem ættu lögheimili í Grindavík. Niðurstaða Barna-og fjölskyldustofu var að lögsaga barnaverndarmála ætti fyrst og fremst að taka mið af búsetu barns, þ.e. ekki lögheimili og hvar þætti best að vinna mál út frá hagsmunum barns og í ljósi þess myndi barnaverndarþjónusta Grindavíkur þurfa að flytja töluvert af málum frá barnaverndarþjónustunni yfir á þau þjónustusvæði þar sem viðkomandi börn byggju og/eða dveldu.

Fór Barna-og fjölskyldustofa þess á leit við barnaverndarþjónustu í landinu að taka vel í þær beiðnir sem kynnu að berast þeirra barnaverndarþjónustum. Í ljósi aðstæðna í Grindavík tóku barnaverndarþjónustur umdæmisráðs Suður mjög vel í þau erindi sem bárust frá Grindavík og var fundað um yfirfærslur þeirra mála sem færðust til sveitarfélaganna til að málavinnslan gengi sem best fyrir sig.

Lokaorð

Er það niðurstaða valnefndar að í lok þessa annars starfsárs umdæmisráð að vel gangi að vinna í samræmi við þær skipulagsbreytingar sem tóku gildi 1.janúar 2023.

Umdæmisráð Suður er skipa mjög hæfu fagfólki sem jafnframt hefur mætt sveitarfélögunum með sveigjanleika varðandi fundarhald og afgreiðslu erinda til að barnaverndarþjónusturnar geti unnið innan þeirra tímamarka sem barnaverndarlögin setja. Valnefnd umdæmisráðs Suðurs vill þakka umdæmisráði fyrir vandað og faglegt starf í þágu barna í umdæminu.

F.h. valnefndar

Hera Ósk Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjanesbæjar

